

## SIÐAREGLUR KJÖRINNA FULLTRÚA Í FLÓAHREPPI

### 1. Markmið

Markmið reglna þessara er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd sveitarfélagsins Flóahrepps. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 2. Gæsla almannahagsmuna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum sveitarfélagsins Flóahrepps. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu.

### 3. Háttvísi og valdmörk

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi. Kjörnum fulltrúum ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann sveitarfélagsins Flóahrepps við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

### 4. Misbeiting valds

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

### 5. Gjafir og fríðindi

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu sveitarfélagsins Flóahrepps, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

### 6. Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Flóahrepp lýkur. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 7. Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallareglur um fjármálastjórn sem tryggja rétta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé.

### 8. Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir

fulltrúar láta af störfum. Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum sveitarfélagsins Flóahrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um.

#### **9. Að virða hlutverk starfsmanna**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna sveitarfélagsins Flóahrepps. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verja kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum. Kjörnir fulltrúar hafa ekki umboð til að gefa starfsmönnum fyrirsmæli og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsmenn eru stjórnendur sveitarfélagsins.

#### **10. Stöðuveitingar**

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá sveitarfélaginu Flóahreppi sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

#### **11. Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings**

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur við samþykkt þeirra í sveitarstjórn og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglur skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almennings og fjölmiðlum á heimasíðu Flóahrepps og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra. Siðareglurnar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils.

#### **12. Staðfesting**

Siðareglur þessar skulu sendar ráðuneytinu til staðfestingar, skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 8. janúar 2014*  
*Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri*